

Félög matvöru- og kjötkaupmanna:

## Uppsagnir fólks og lokun fyrirtækja

— fáist ekki hærri álagning

HEI — A fundi Félags matvörukaupmanna og Félags kjötkaupmanna er haldinn var s.l. þriðjudag, var skorað á verðlagsyfírvöld að láta nú þegar fara fram leiðréttingu á smásöluálagningu til samræmis við þær hækkanir, sem orðið hafa á rekstrarkostnaði verslana á árinu.

Fundurinn vakti sérstaka athygli á því að nú þegar eru fjölmargar smásöluverslanir reknar með tapi og að óbreytt ástand leiði til uppsagnar starfsfólks fyrirtækjanna og e.t.v. lokunar þeirra.

Fundurinn varaði eindregið við því, að gerðir yrðu kjarasamningar við launþega meðan ekki er ljóst hvaða ákvörðun verðlagsyfírvöld taka í verðlagsmálum og hvort nauðsynleg leiðrétting til handa smásöluversluninni fæst.

## „Viðskjár“ í Óðali

— sá stærsti sinnar tegundar hérlendis

ESE—Nýlega var tekinn í notkun í veitingahúsinu Óðali „Viðskjár“ eða Video — tæki eins og það heitir á erlendu máli, og er skjárinn sá stærsti sinnar tegundar hérlendis. Sjálfur skjárinn þekur einn vegg við dansgólfið á annarri

## Sjómannafélag Reykjavíkur:

# Hafnar tilmælum ASÍ

— um afturköllun uppsagnar kjarasamninga

HEI — Stjórn og trúnaðarmannaráð Sjómannafélags Reykjavíkur samþykkti á fundi í fyrradag að hafna tilmælum A.S.Í. um afturköllun uppsagnar á kjarasamningum fiskimanna.

Í fréttatilkynningu frá Sjómannafélaginu segir að við síðustu ákvörðun fiskverðs hafi verið gengið stórléga á hlut fiskimanna, þar sem lögbund-

inni ákvörðun um hækkun fiskverðs hafi ekki verið framfylgt. Þá hafi samningur fiskimanna verið sagt upp á grundvelli gengisfellingar, en í uppsagnarákvæðum þeirra samninga eru ekki aðeins kaupliðir samningsins lausir heldur samningurinn allur. Uppsögn kaupliða farmannasamninga hafi einnig átt sér stað vegna gengisfellingar.

Tíminn spurði Óskar Vigfússon formann Sjómannasambandsins, að því hvort reikna megi með að þessi ákvörðun sé stefnumarkandi fyrir heildarsamtök sjómanna. — Um það er nú ekki gott að segja á þessu stigi málsins, agði Óskar. — En


sjómannasambandsþing verður haldið n.k. föstudag og ég geri ráð fyrir að þar verði þessi mál rædd. Það verður auðvitað þingsins að ákveða hvaða stefnu skuli taka í málefnum sjómannastéttarinnar. En ég á allt eins von á því með tilliti til þess sem á undan er gengið, sérstaklega í sambandi við verðlagningu á fiski nú síðast, að menn verði ekki alltof ánægðir. Ég á því von á, að menn hugsi sig tvisvar um, áður en þeir taka jákvæða afstöðu til þessarar beiðni A.S.Í.

— En hefur ekki fastakaup og kauptrygging fylgt því sem gerist í landi?

— Jú, og þar sjá sjómennirnir

hvort þeir fylgja eftir öðrum launþegum í landi. Fiskverð eins og það er ákveðið á hverjum tíma, má í orðsins fyllstu merkingu leggja að jöfnu við bónus, ákvæðisvinnu eða uppætlungu. Hækki því sá tonnafjöldi sem sjómenn þurfa að fiska upp í lágmarkskauptryggingu, þýðir það að þeir dragast aftur úr öðrum í þjóðfélaginu.

Þess vegna er það rökrétt að sjómannastéttinni verði ekki misboðið með því að lækka fiskverð, þannig að það fylgi ekki eftir þeim almennu kaupbreytingum sem orðið hafa.



Jón Hjaltason Óðalsbóndi ásamt plötusnúð hússin. Timamynd Tryggvi.

hæð hússins og allar myndir sem á honum birtast eru að sjálfsgöðu í lit. Skjárinn er síðan eins og flestum er kunnugt tengdur myndsegulbandstæki, og því má segja að það sé lifandi tónlist að nokkru leyti sem flutt er í húsinu.

„Viðskjár“tæknin hefur fyrir nokkru rutt sér braut inn á

vertshús landsins en hingað til hefur verið notast við venjuleg litasjónvarpstæki til þessara nota.

Ekki er að efa að gestir Óðals kunna vel að meta þessa nýbreytni og reyndar má segja að þetta sé allt annað líf fyrir þá.

## Vöruskiptajöfnuðurinn

— hagstæður í september

Kás—Í septembermánuði varð vöruskiptajöfnuður okkar við útlönd hagstæður um tæpan milljarð eða 839 millj. kr. Samt sem áður er vöruskiptajöfnuðurinn á fyrstu níu mánuðum þessa árs óhagstæður um 11,8 milljarða kr.

Alls var flutt inn í september fyrir 15,3 milljarða kr. Þar af flutti Íslenska álfélagið inn fyrir 895 milljónir kr. Útflutningur okkar Íslendinga í september var rúmir 16 milljarðar. Er það

góðum níu milljörðum betur en í septembermánuði í fyrra. Þar af flutti Íslenska álfélagið út fyrir 1706 millj. kr eða nær helmingi meira en í sama mánuði í fyrr.

Við samanburð á utanríkisverslunartölum frá árinu í fyrra, við samsvarandi tölur í ár, verður að hafa í huga að meðalgengi erlends gjaldeyris fyrstu níu mánuði þessa árs er talið vera 39,7% herra en það var í sömu mánuðum 1977.

## Meistari Dali

á Kjarvalsstöðum

ATA—Hver vill ekki eignast mynd eftir Salvador Dali? Hafirðu 80 þúsund krónur handbærar geturðu eignast grafík-mynd eftir þennan konung surrealisans og einn nafntogaða sta myndlistarmann samtímans.

Í dag, laugardag, verður opnuð sýning á Kjarvalsstöðum á tæp-



Nemar í listasögu við Háskóla Íslands voru að skoða myndir Dalis, þegar ljósmyndara Tímans bar að.

lega hundrað grafíkmyndum eftir Dali. Auk þeirra eru á sýningunni gobelnteppe og tvær stytur eftir meistaran og bókin Decameron eftir Boccaccio, sérútgáfa, myndskreytt af Salvador Dali.

Sýning þessi er sölusýning og verð grafíkmyndaanna er frá 80 þúsund krónum upp í 400 þúsund krónur.

Sýningin er opin til 5. nóvember. Það eru samtökin Myndkynning, sem standa að þessari sýningu, en þetta er þriðja sýningin, sem samtökin standa að.

## Borgin semur við umsjónarmenn skóla

Hækka um einn launaflokk og fá umsamda yfirvinnu

A borgarstjórnarfundur síðastliðinn fimmtudag, var samþykkt tillaga um nýja starfskipan umsjónarmanna í skólum borgarinnar, en kjaramál þeirra hafa verið til endurskoðunar um nokkurt skeið, ásamt starfstílhögun allri.

A fundi borgarráðs hafði bréf fræðslustjóra um þetta efni verið til afgreiðslu og var tilögur hans samþykktar með 4:1. en Sigurjón Pétursson greiddi atkvæði á móti hinni nýju skipan.

Þýðingarmikið starf

Við umræðu um fundargerðina og samþykkt borgarráðs talaði Kristján Benediktsson. Lýsti hann aðdragandanum að afgreiðslu málsins.

Kjaramál umsjónarmanna og störf þeirra höfðu um nokkurt skeið verið til umræðu, en vinnutími þeirra var með öðrum hætti en tíðkast hjá starfsmönnum ríkis og bæjar.

Húsverðir mættu snemma á morgnana, en gerðu hlé á vinnu sinni í þrjá tíma um miðjan daginn, voru síðan við uns ræstingu var lokið á kvöldin.

Fyrir nokkru var náð samkomulagi við umsjónarmenn, þar sem starfstími þeirra var færður til samræmis við vinnutílhögun annarra starfsmanna borgarinnar. Var það Magnús Óskarsson, félagsmálafultrúi borgarinnar er gekk frá þeim samningi, sem síðan var staðfestur á venjulegan hátt.

Síðan rakti Kristján Benediktsson framkvæmd hins nýja samkomulags, sem reyndist ekki auðvelt.

Nauðsyn ber til að húsverðir mæti og opni skólana hálfri stundu fyrir skólatíma, t.d. vegna nemenda sem vegna strætisvagnferða verða að koma til skóla nokkru fyrir skólatíma. Þeir þurfa að komast inn í húsin í vondu veðri.

Talið var nauðsynlegt að

skólahúsin væru vöktuð á þeim dögum er ekki var kennt, og líta þarf eftir ræstingu og húsunum á kvöldin, þegar þau eru notuð til félagslegs starfs, en það er einmitt stefna núverandi meirihluta, að nota skólahúsnæði sem mest undir heilbriggt félagsstarf.

Gengið var út frá því að umsjónarmenn tækju venjulega matar- og kaffitíma, og væru viðstaddir þegar ræsting hefst og önnuðust lágmarks eftirlit með húsunum um helgar o.s.frv.

Þetta hefði leitt til flókinnar yfirvinnugreiðslna, svo fræðslustjóri lagði til að greiða umsjónarmönnum fasta 25 tíma í yfirvinnu, og er þá öll aukavinnu og helgarvarsla innifalin.

Dýr mannvirki sem gæta verður

Kristján rakti þessi mál öll ítarlega, og sagði að hann teldi afgreiðslu þessa máls eðli-

lega og hagkvæma.

Umsjónarmenn hefðu hækkað um einn launaflokk og samið hefði verið um vörslu skólamannvirkja um helgar.

Benti ræðumaður m.a. á, að ef vatnsrör bilaði í skóla, þá væri það mikill munur hvort eftir því væri tekið sama dag, en ekki t.d. viku seinna — en um stórhátið eru skólarnir oft lokaðir dögum saman og þá glæfralegt að hafa þá eftirlitslausa. Er gert ráð fyrir að umsjónarmenn líti a.m.k. einu sinni á dag til skólanna, þegar ekki er verið að kenna.

Það væri líka gott til þess að vita, að umsjónarmenn væru ánægðir með þetta nýja fyrirkomulag. Þetta væri því samkomulag sem tryggði hagsmuni beggja, umsjónarmanna og borgaranna. Lagði hann til að hin nýja tilhögun yrði samþykkt og var svo gert.

JG

## Marabondanskeppni í Klúbbnum

ESE—Nýstárleg danskeppni verður haldin hérlendis um helgina, nánar til tekið sunnudag, því að þá fer fram í veitingahúsinu Klúbbnum svo kölluð Marabondanskeppni.

Keppnin hefst á hádegi á sunnudag og trúlega munu þau 34 pör sem skráð eru til leiks dansa fram á nótt, eða eftir því sem þrek og danskunnátta leyfa. Að keppninni lokinni verður síðan valið danspar kvöldsins, og mun það fá vegleg verðlaun.

Húsið verður opið á meðan á keppni stendur.